24.10.17

# Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags
# "Hljómalindarreitur"
## sem samþykkt var í borgarráði 07.02.13

Höfundar deiliskipulagsins eru Margrét Harðardóttir og Steve Christer, Studio Grandi ehf.

Breytingin felst í því að breytt er texta í kaflanum „Sérskilmálar um nýbyggingar sem snúa að torgi" og „Sérskilmálar fyrir nýbyggingar sem snúa að götu" 1.málsgrein í báðum greinum.

**Texti í gildandi sérskilmálum um nýbyggingar sem snúa að torgi er svohljóðandi:**

1.málsgrein:

a. Við torgið skal vera fjölbreytt þjónusta: veitingarstaðir, kaffihús, verslanir og þjónusta sem styrkir blómlegt mannlíf á torginu og sé jafnframt opin á daginn á hefðbunum opnunartíma verslana og kaffishúsa. Í hverju húsi skal vera mismunandi starfsemi á torghæð. *Dæmi: ekki er heimilt að á torghæð við Hverfisgötu 30-34 sé eina og sama starfsemin (þ.e. rekstur sama fyritækis).*

**Tillaga að breyttum texta í sérskilmálum um nýbyggingar sem snúa að torgi eru svohljóðandi:**

1.málsgrein:

b. Við torgið skal vera fjölbreytt þjónusta: veitingarstaðir, kaffihús, verslanir og þjónusta sem styrkir blómlegt mannlíf á torginu og sé jafnframt opin á daginn á hefðbunum opnunartíma verslana og kaffishúsa. Í hverju húsi er gert ráð fyrir mismunandi starfsemi á torghæð *en heimilt er að hafa sömu starfsemi í mismunandi húsum ef það hefur jákvæð áhrif á torgið.*

**Texti í gildandi sérskilmálum um nýbyggingar sem snúa að götum eru svohljóðandi**

1.málsgrein:

a.Við götur skal vera fjölbreytt þjónusta: Í hverju húsi skal vera mismunandi starfsemi á götuhæð. *Dæmi: ekki er heimilt að í Hverfisgötu 30-34 sé eina og sama starfsemin á götuhæð (þ.e. rekstur sama fyritækis).*

**Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:**

1.málsgrein:

c. Við götur skal vera fjölbreytt þjónusta: Í hverju húsi skal vera mismunandi starfsemi á götuhæð *en heimilt er að hafa sömu starfsemi í mismunandi húsum ef það hefur jákvæð áhrif á götur.*

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á umhverfis-og skipulagsráði þann 1.nóv 2017.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 10.nóv. 2017

Bjarni Aðalsson

_______________________

Skipulagsstofnun
Mótt.: 24. nóv. 2017
Málnr.